

**Ed.**

**330. Nefndarálit**

[194. mál]

um frv. til l. um nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fram komu í nefndinni nokkrar tillögur um breytingar á frumvarpinu og flytur nefndin sameiginlega brtt. á sérstöku þingskjali. Þar sem ekki varð samkomulag um allar brtt. flytur 2. minni hl. nefndarinnar brtt. þess efnis að sameinað Alþingi kjósi eftir tilnefningu þingflokka sex manna nefnd til að fylgjast með rannsókn þessa máls.

Alþingi, 18. des. 1985.

Eiður Guðnason,  
fundaskr., frsm.

Ragnar Arnalds.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.